

Reykjanesbær
Jóna Hrefna Bergsteinsdóttir
Tjarnargötu 12
230 Keflavík

Umhverfisstofnun	
Áb.	_____
14. des. 2011 10.4.3	
Tilv.	_____



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 13. desember 2011
Tilvísun: UST20111000190/mik

Efni: Deiliskipulag Vitabraut 7, Reykjanesbæ, fiskeldi. Umsögn

Vísað er til erindis Reykjanesbæjar dags. 19. október sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi við Vitabraut 7, Reykjanesbæ þar sem fyrirhugað er eldi á senegalflúru (*Solea senegalensis*).

Í greinargerð deiliskipulags og umhverfisskýrslu kemur fram að deiliskipulagið felur í sér að gera ráð fyrir lóð undir fiskeldisstöð til ræktunar á senegalflúru við Reykjanesvirkjun á landi í eigu HS Orku að Vitabraut 7 við Kistu á Reykjanesi. Fram kemur að um sé að ræða nýjung á Íslandi hvað varðar fiskitegund og nýtingu á affallsvatni frá jarðgufuvirkjun.

Svæðið sem um ræðir er að Vitabraut 7 við Kistu á Reykjanesi skammt vestan við Reykjanesvirkjun, alls um 9,3 ha að stærð. Hluti svæðisins var áður innan marka deiliskipulags sem samþykkt var í B-deild Stjórnartíðinda 6. desember 2010 en um er að ræða breytingu á mörkum skipulagsins vegna veitulagnar frá virkjuninni að fiskeldisstöðinni.

Framkvæmdalýsing

Í greinargerð deiliskipulags og umhverfisskýrslu kemur fram að tilgangur skipulagsbreytinganna sé að fyrirtækið Stolt Sea Farm reisi fiskeldisstöð fyrir senegalflúru við Reykjanesvirkjun á lóð HS Orku og að nýta heitt affallsvatn frá virkjuninni við ræktunina. Í byrjun er fyrirhugað að reisa seiðaeldisstöð sem getur framleitt allt að 2 milljónum seiða á ári sem verði áfram ræktuð með allt að 500 tonna ársframleiðslu. Á seinni stigum verði möguleg stækkun allt að 2.000 tonna ársframleiðsla. Fram kemur að ákvörðun um deiliskipulag fyrir fiskeldi á Reykjanesi sé í samræmi við aðalskipulag Reykjanesbæjar 2008-2024.

Byggingar sem fyrirhugað er að reisa skv. greinargerð deiliskipulags og umhverfisskýrslu eru stálgrindarhús á steiptum grunni sem verða 21.000 m² að heildarflatarmáli. Þak mun ná mest 10 m hæð og hæð veggja 4,5 m. Þá kemur fram að eldiskerin verði steinsteypt með veggghæð 120 cm og yfir þau verða reistar stálburðargrindur í allt að 7,5 m hæð og þéttofið segl strengt yfir. Heildarflatarmál keranna verður 40.000².

Samkvæmt greinargerð og umhverfisskýrslu verður reist mörn með austurmörkum lóðar í allt að 5 m hæð og hún klædd með hraungrjóti sem fellur til innan lóðar við framkvæmdirnar í því skyni að draga úr sjónrænum áhrifum framkvæmda.

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt 35. gr. laga um náttúruvernd nr. 44/1999 þá skuli þess gætt við hönnun mannvirkja að þau falli sem best að svipmóti lands.

Umhverfispættir

Meðal þess sem kemur fram um umhverfispætti í greinargerð og umhverfisskýrslu er að framkvæmdasvæði er á eldhrauni sem nýtur sérstakrar verndar skv. 37. gr. náttúruverndarlaga nr. 44/1999 en svæðið er einnig á Náttúruminjaskrá. Framkvæmdir munu skv. greinargerð og umhverfisskýrslu valda miklu raski á jarðmyndunum innan lóðar en þeim hefur þegar verið raskað að hluta til vegna Reykjanesvirkjunar. Fram kemur að reikna megi með að heildaráhrif á ásýnd landslags muni verða talsvert neikvæð.

Áhrifum á lífríki sjávar og fjöru er í greinargerð og umhverfisskýrslu lýst sem óverulegum en að hugsanlegt sé að sýnileg áhrif komi að einhverju leyti fram í fjöru vegna uppsöfnunar lífræns úrgangs. Umhverfisstofnun bendir á að í fylgiskjali 1 með reglugerð um fráveitur og skólp nr. 798/1999 kemur fram að við útrás þar sem fráveituvatn er leitt í viðtaka megi ekki vera útfellingar, froða eða önnur sýnileg áhrif. Stofnunin telur því ástæðu til að skoða sérstaklega frárennsli og vöktun á því í starfsleyfi fyrir fyrirhugað eldi.

Fram kemur að blanda á frárennsli frá fiskeldinu við um 55°C heitt affallsvatn frá virkjuninni og að með því sé tryggt að allar lífverur frá fiskeldinu eins og hrogn og seiði drepist ef þau sleppa. Í greinargerð og umhverfisskýrslu eru engar upplýsingar um sýkla og sníkjudýr sem hugsanlega geti borist í sjó með frárennsli, né um hugsanleg áhrif senegalflúru á lífríki ef hún sleppur út í umhverfið. Umhverfisstofnun bendir á að mun hærra hitastig þurfi til að drepa bakteríur og veirur en verður í affallsvatni Reykjanesvirkjunar í bunustokki eða að lágmarki yfir 121°C. Senegalflúra er framandi tegund í íslenskri náttúru og bendir stofnunin á að þegar sótt er um leyfi til innflutnings á henni eru skilyrði fyrir leyfisveitingu að fram hafi farið áhættumat skv. lögum nr. 54/1990 um innflutning dýra, sbr. 5. gr. laganna um að meta eigi m.a. hættu á því hvort viðkomandi tegund geti sloppið út í umhverfið og þá hvaða áhrif það kunni að hafa á lífríkið. Því þurfi að greina frá aðferð/aðferðum til að koma í veg fyrir slíkt smit út í íslenska náttúru.

Niðurstaða

Að mati Umhverfisstofnunar eru megin áhrif fyrirhugaðrar framkvæmdar tengdar raski á ósnortnu eldhrauni, sjónrænum áhrifum fyrirhugaðra mannvirkja, áhrifum vegna mengaðs frárennslis frá eldinu og hættu á smiti frá eldinu í íslenska náttúru.

Umfang rasks á eldhrauni er að mati stofnunarinnar verulegt enda mun framkvæmdin umblyta yfir 7 ha svæði í tengslum við framkvæmdina. Eldhraun njóta sérstakrar verndar skv. ákvæðum 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd og skal forðast röskun þeirra eins og kostur er. Í stefnumörkun stjórnvalda um sjálfbæra þróun í íslensku samfélagi til 2020 sem ber heitið Velferð til framtíðar er stefnt að aukinni verndun jarðmyndana og að forgangsmál í verndun jarðmyndana á næstu árum lúti að vernd valinna jarðhitasvæða, eldgíga og nútímahrauna. Vegna þessa telur Umhverfisstofnun nauðsynlegt að vernda beri eins og kostur er núverandi eldhraun og lágmarka einnig rask þeirra. Að mati Umhverfisstofnunar ætti að taka það til athugunar hvort mögulegt er að staðsetja mannvirki utan hrauna eða á svæðum þar sem hrauni hefur þegar verið raskað.

Stofnunin bendir á að umfang fyrirhugaða mannvirkja er umtalsvert og mun hafa í för með sér talsverð sjónræn áhrif. Þá telur stofnunin mikilvægt að komið verði í veg fyrir mengun frárennslis frá eldinu og að regluleg vöktun verði þar á. Að auki telur Umhverfisstofnun að tryggja verði að ekki sé hætt á smiti framandi lífvera og sýkingarvalda frá fiskeldinu.

Umhverfisstofnun gerir að öðru leyti ekki athugasemdir við tillögu að deiliskipulagi fyrir Vitabraut 7 í Reykjanesbæ.

Virðingarfyllst



Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir
Deildarstjóri



Guðrún Lára Pálmadóttir
Sérfræðingur